

Össur hf.

Árshlutareikningur samstæðu

30. júní 2006

Össur hf.
Grjóthálsi 5
110 Reykjavík
kt. 560271-0189

Össur hf.

Árshlutareikningur samstæðu

30. júní 2006

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2
Kennitölur	3
Áritun endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	8
Yfirlit yfir eigið fé	9
Skýringar	10

Skýrsla stjórnar

Að álit stjórnar og forstjóra Össurar hf. koma fram í árshlutareikningi þessum þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðu Össurar hf. þann 30. júní 2006, rekstrarárangri tímabilsins 1. janúar til 30. júní 2006 og fjárhagslegri þróun á tímabilinu. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Stjórn og forstjóri Össurar hf. staðfesta hér með árshlutareikning samstæðu Össurar hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. júlí 2006

Í stjórn

Niels Jacobsen
stjórnarformaður

Össur Kristinsson

Kristján T. Ragnarsson

Þórður Magnússon

Sigurbjörn Þorkelsson

Forstjóri

Jón Sigurðsson

Kennitölur

Samstæða Össurar hf.

		30.6.2006	30.6.2005	2005	2004	2003	2002
Vöxtur							
Sala	USD '000	125.534	66.572	160.729	124.399	94.467	81.284
Hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	USD '000	21.738	13.291	25.832	25.045	9.428	14.310
Rekstrarhagnaður	USD '000	12.238	10.901	16.525	20.374	6.112	11.501
Hagnaður	USD '000	2.690	7.788	11.688	15.227	4.661	10.056
Fjármunir	USD '000	447.286	108.433	407.986	108.915	102.126	71.425

Rekstrarfjármögnun

Handbært fé frá rekstri	USD '000	6.805	7.693	15.481	16.600	10.383	10.503
- í hlutfalli við heildarskuldir ⁽¹⁾	%	9	36	10	30	23	36
- í hlutfalli við hagnað		2,5	1,0	1,3	1,1	2,2	1,0
Hreint veltufé frá rekstri	USD '000	14.513	12.095	18.954	23.095	8.774	14.661
- í hlutfalli við langtímafjármagn ⁽¹⁾	%	9	27	8	27	13	30

Fjárhagslegt jafnvægi

Lausafjárhlutfall		1,0	1,5	1,4	1,4	1,2	1,5
Veltufjárhlutfall		1,5	2,3	2,1	2,2	1,8	2,3
Eiginfjárhlutfall	%	36	56	37	50	43	56

Nýting fjármagns

Veltuhraði fjármagns ⁽¹⁾	Skipti	0,8	1,2	0,6	1,2	1,1	1,3
Veittur gjaldfrestur ⁽¹⁾	Dagar	41	44	44	44	47	44

Arðsemi

Arðsemi heildarfjármagns eftir skatta ⁽¹⁾	%	6	20	10	20	9	20
Arðsemi eigin fjármagns eftir skatta ⁽¹⁾	%	6	29	15	31	11	29
Hagnaður fyrir vexti sem % af veltu	%	10	16	10	16	6	14
Hagnaður fyrir skatta sem % af veltu	%	1	15	8	15	6	15
Hagnaður tímabilsins sem % af veltu	%	2	12	7	12	5	12

Markaður

Markaðsvirði	USD '000	545.249	388.402	695.125	395.514	201.237	219.584
V/H hlutfall ⁽¹⁾		82,7	24,4	59,5	26,0	43,2	21,8
V/I hlutfall		3,4	6,4	4,5	7,2	4,6	5,5
Fjöldi hluta	Millj.	385	318	385	318	328	328
Hagnaður á hlut (EPS) ^(1,2)	US Cent	1,80	5,04	3,53	4,80	1,45	3,12
Hagnaður á hlut (Diluted EPS) ^(1,3)	US Cent	1,80	5,03	3,52	4,80	1,44	3,10
Hagnaður á hlut (Cash EPS) ^(1,4)	US Cent	6,28	6,55	6,34	6,28	2,48	3,99
Hagnaður á hlut (Diluted Cash EPS) ^(1,5)	US Cent	6,27	6,53	6,33	6,27	2,47	3,97

Skýringar

1. Kennitölur fyrir fyrstu sex mánuði árána 2005 og 2006 er reiknaður miðað við rekstur síðastliðna 12 mánuði.
2. Hagnaður á útistandandi hlut.
3. Hagnaður á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttá.
4. Hagnaður að viðbættum afskriftum á útistandandi hlut.
5. Hagnaður að viðbættum afskriftum á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttá.

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Össuri hf.

Við höfum kannað árshlutareikning samstæðu Össurar hf. og dótturfyrirtækja fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006. Samstæðureikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit yfir eigið fé og skýringar. Samstæðureikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á samstæðureikningnum á grundvelli könnunarinnar. Árshlutareikningar erlendra dótturfélaga hafa verið kannaðir af endurskoðendum erlendra samstarfsfyrirtækja okkar.

Við könnuðum árshlutareikninginn eftir þeim alþjóðlegu endurskoðunarstöðlum sem við eiga þegar um könnun er að ræða. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga könnuninni þannig að nokkuð góð víska fáiist um að árshlutareikningurinn sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Könnun felur einkum í sér fyrirsagnir til starfsmanna félagsins, greiningu á helstu liðum árshlutareikningsins, auk samanburðar á kennitölum. Könnun veitir því minni vísu um árshlutareikninginn en þegar um endurskoðun er að ræða. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun og látum því slíkt álit ekki í ljós á árshlutareikningnum.

Könnun okkar leiddi ekki annað í ljós en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006, efnahag þess 30. júní 2006 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2006, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Reykjavík, 31. júlí 2006

Deloitte hf.

Heimir Þorsteinsson
endurskoðandi

Þorvarður Gunnarsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur tímabilsins 1. janúar - 30. júní 2006

		Samstæða			
		2006	2005	2006	2005
		Skýr. 1.1. - 30.6.	1.1. - 30.6.	1.4. - 30.6.	1.4. - 30.6.
Sala	4	125.534	66.572	65.500	35.422
Kostnaðarverð seldra vara		(50.865)	(26.364)	(26.787)	(13.863)
Framlegð		74.669	40.208	38.713	21.559
Aðrar rekstrartekjur		123	586	69	510
Sölu- og markaðskostnaður		(33.332)	(13.995)	(17.323)	(7.002)
Þróunarkostnaður		(8.927)	(5.202)	(4.228)	(2.767)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(17.295)	(10.696)	(8.753)	(5.800)
Kostnaður vegna endurskipulagningar	7	(3.000)	0	0	0
Rekstrarhagnaður		12.238	10.901	8.478	6.500
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	8	(10.908)	(682)	(5.987)	(271)
Hagnaður fyrir skatta		1.330	10.219	2.491	6.229
Tekjuskattur	9	1.360	(2.431)	(372)	(1.614)
Hagnaður tímabilsins		2.690	7.788	2.119	4.615
Hagnaður á hlut	10				
Hagnaður á útistandandi hluti (US cent)		0,70	2,48	0,55	1,47
Hagnaður á útistandandi hluti að teknu tilliti til kaupréttar (US cent)		0,70	2,47	0,55	1,47
Hagnaður að viðbættum afskriftum á útistandandi hluti (US cent)		3,17	3,24	1,77	1,87
Hagnaður að viðbættum afskriftum á útistandandi hluti að teknu tilliti til kaupréttar (US cent)		3,17	3,23	1,76	1,86

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	Samstæða	
		30.6.2006	31.12.2005
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	11	24.511	22.130
Viðskiptavild	12	261.662	232.134
Aðrar óefnislegar eignir	13	49.066	46.694
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur	15	1.229	780
Fjárfestingaverðbréf	16	605	593
Reiknuð skattinneign	27	25.943	23.542
		<u>363.016</u>	<u>325.873</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	17	30.016	25.529
Viðskiptakröfur	18	34.740	28.314
Aðrar skammtímakröfur	18	11.056	7.356
Handbært fé	18	8.458	20.914
		<u>84.270</u>	<u>82.113</u>
Eignir		<u>447.286</u>	<u>407.986</u>

30. júní 2006

Eigið fé og skuldir

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Samstæða	
		30.6.2006	31.12.2005
Eigið fé			
Hlutfé	19	4.163	4.160
Varasjóðir	20	104.377	104.162
Þýðingarmunur	21	7.108	3.771
Óráðstafað eigið fé	22	43.426	40.736
		<u>159.074</u>	<u>152.829</u>
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	24	201.707	185.147
Fjármögnunarleigusamningar	25	103	32
Aðrar langtímaskuldir	26	1.679	2.350
Tekjuskattsskuldbindingar	27	28.634	27.832
		<u>232.123</u>	<u>215.361</u>
Skammtímaskuldir			
Næsta árs afborganir langtímaskulda	28	18.810	11.048
Viðskiptaskuldir		9.243	8.844
Skuldir við lánastofnanir		6.340	0
Ógreiddir áætlaðir skattar		0	917
Aðrar skammtímaskuldir		14.320	13.508
Skuldbindingar	29	7.376	5.479
		<u>56.089</u>	<u>39.796</u>
Eigið fé og skuldir		<u>447.286</u>	<u>407.986</u>

Sjóðstreymi tímabilsins 1. janúar - 30. júní 2006

		Samstæða	
		2006	2005
	Skýr.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		12.238	10.901
Afskriftir	11, 13	9.500	2.390
Söluhagnaður		(5)	(460)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		(4.588)	(3.328)
Handbært fé frá rekstri án vaxta		17.145	9.503
Innborgaðar vaxtatekjur		68	37
Greiddir vextir		(7.316)	(771)
Greiddir skattar		(3.092)	(1.076)
Handbært fé frá rekstri		6.805	7.693
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir fastafjármunir	11, 13	(4.455)	(3.403)
Seldir fastafjármunir		144	98
Fjárfesting í dótturfélögum	30, 31	(39.585)	(1.154)
Seld rekstrareining		0	549
Fjárfestingar í langtímakröfum	15	(227)	(10)
Afborganir skuldabréfa	15	91	35
Sala á fjárfestingaverðbréfum	16	11	5
		(44.021)	(3.880)
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán		6.340	0
Nýjar langtímaskuldir		19.263	5.300
Afborganir langtímaskulda		(1.212)	(9.916)
Seldir eigin hlutir vegna kaupréttarsamninga	19, 20	218	230
		24.609	(4.386)
Breyting á handbæru fé		(12.607)	(573)
Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga		151	(134)
Handbært fé í upphafi ársins		20.914	4.297
Handbært fé í lok tímabilsins		8.458	3.590
Aðrar upplýsingar:			
Handbært fé frá rekstri:			
Hagnaður tímabilsins		2.690	7.788
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé		11.823	4.307
Hreint veltufé frá rekstri		14.513	12.095
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda		(7.708)	(4.402)
Handbært fé frá rekstri sbr. að ofan		6.805	7.693

Yfirlit yfir eigið fé 1. janúar 2005 - 30. júní 2006

	Hlutfé	Varasjóðir	Þýðingarmunur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1. janúar 2005.....	3.042	17.747	4.636	29.295	54.720
Þýðingarmunur á erlendum eignarhlutum.....			(865)		(865)
Afkoma sem birtist ekki í rekstrarreikningi.....	0	0	(865)	0	(865)
Seldir eigin hlutir vegna kaupréttarsamninga.....	33	3.896			3.929
Innborgað hlutfé.....	1.085	82.272			83.357
Hagnaður ársins.....				11.688	11.688
Tillag í lögbundinn varasjóð.....		247		(247)	0
Staða 1. janúar 2006.....	4.160	104.162	3.771	40.736	152.829
Þýðingarmunur á erlendum eignarhlutum.....			3.337		3.337
Afkoma sem birtist ekki í rekstrarreikningnum.....	0	0	3.337	0	3.337
Seldir eigin hlutir vegna kaupréttarsamninga.....	3	215			218
Hagnaður tímabilsins.....				2.690	2.690
Staða 30. júní 2006.....	4.163	104.377	7.108	43.426	159.074

Skýringar

1. Starfsemi

Össur hf. er alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Helstu framleiðsluvörur fyrirtækisins eru hulsur, gervifætur, hnjálðir og íhlutir ýmskonar sem notaðir eru til framleiðslu á gervilimum og mismunandi tegundir af spelkum og stuðningsvörum. Helstu markaðssvæði fyrirtækisins eru Norður-Ameríka, Evrópa og Asía en fyrirtækið starfrækir félög í Bandaríkjunum, Kanada, Svíþjóð, Hollandi, Bretlandi og í Ástralíu auk móðurfélagsins sem staðsett er á Íslandi.

Framleiðsla og samsetning á vörum samstæðunnar fór fram á tólf stöðum á tímabilinu, hjá Ossur North America, Inc. í Aliso Viejo, Kaliforníu, Innovation Sports í Foothill, Kaliforníu, hjá Ossur Engineering, Inc. í Albion, Michigan, hjá Royce Medical, Inc. í Camarillo, Kaliforníu, Thorofare og Moorestown í New Jersey, hjá Generation II í Vancouver í Kanada og Generation II í Seattle í Bandaríkjunum, Blackburn á Bretlandi og hjá Össuri hf. á Íslandi. Auk þess er hluta af framleiðslunni úthýst og fer sú framleiðsla fram í Kína og Taiwan.

Samkvæmt skipuriti er fyrirtækinu skipt í sex svið, þ.e. fjármálasvið, sem sér um alhliða fjármálastjórnun; framleiðslusvið, sem ber ábyrgð á framleiðslu og birgðastýringu; þróunarsvið, sem stýrir gæðadeild, þróunardeild og vörustjórnun fyrir nýjar vörur; sölu- og markaðssvið, sem stýrir markaðsmálum og söluskrifstofu fyrir Norðurlönd og alþjóðlega markaði; Ossur Europe sem stýrir starfsemi félagsins í Evrópu og loks Ossur North America sem stýrir starfsemi félagsins í Norður Ameríku.

Sala, dreifing og þjónusta í Norður Ameríku fór fram frá Ossur North America, Inc., Royce Medical, Inc. og Innovation Sports, Inc., starfsstöðvum Generation II í Kanada og Seattle, í Vestur Evrópu frá Ossur Europe B.V., Medistox, Ltd. og Technology in Motion, Ltd. á Bretlandi, á Norðurlöndum frá Össur Nordic AB og í Asíu frá Össur Asia Pacific en aðrir markaðir voru aðallega þjónustaðir frá Össur Nordic AB og Ossur North America, Inc.

2. Reikningsskilaaðferðir

Árshlutareikningur samstæðu Össurar hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) og er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð fyrir utan uppreikning ýmissa peningalegra eigna og skulda.

Við gerð samstæðuárshlutareiknings þurfa stjórnendur í samræmi við góða reikningsskilavenju að gefa sér forsendur og framkvæma ýmis mót sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld tímabilsins. Raunveruleg verðmæti kunna að verða með öðrum hætti en mat stjórnenda.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

Samstæða

Árshlutareikningur samstæðunnar tekur til árshlutareiknings móðurfélagsins og árshlutareikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Óinnleystur hagnaður í birgðum af viðskiptum milli félaga innan samstæðunnar er bakfærður og samsvarandi leiðréttingar gerðar á reiknuðum tekjuskatti samstæðunnar.

Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Samrunar

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í árshlutareikningnum.

Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð herra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild.

Rekstrarniðurstaða keyptra eða seldra dótturfélaga á tímabilinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Viðskiptavild

Viðskiptavild sem myndast í samstæðunni er vegna mismunar á kaupverði dótturfélags og hlutdeildar í hreinni eign þess eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirðis á kaupdegi. Viðskiptavild er færð til eignar og metin með tilliti til virðisrýrnunar á reikningsskiladegi. Til að hægt sé að meta virðisrýrnun er viðskiptavild skipt niður á sjóðsskapandi einingar. Sjóðsskapandi einingar sem viðskiptavild hefur verið úthlutað á eru prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar árlega, eða oftár ef vísibending um virðisrýrnun er til staðar. Ef virðisrýrnun hefur átt sér stað er viðskiptavild fyrst færð niður en síðar aðrar eignir sem tilheyra viðkomandi sjóðsskapandi einingu. Virðisrýrnun á viðskiptavild er ekki færð til baka á síðari tímabilum.

Við sölu á dótturfélagi er tekið tillit til tengdrar viðskiptavildar við útreikning á söluhagnaði eða sölutapi.

Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyrisáhættu með því að stuðla að jafnvægi eftir myntum í rekstrinum sjálfum og vinna að því að sjóðstreymi vegna fjármögnunar sé í samræmi við innstreymi vegna rekstrar eftir myntum.

Langtímafjármögnun samstæðunnar er stýrt frá fjármálasviði móðurfélagsins á Íslandi. Einstök dótturfélög takast almennt ekki á hendur beinar skuldbindingar til lengri tíma gagnvart bönkum eða öðrum lánveitendum.

Um 63% af langtímaskuldum eru kúlulán þar sem höfuðstóllinn kemur til greiðslu í tvennu lagi árið 2011 og 2012. Vextir eru hinsvegar greiddir reglulega yfir lánstímann. Þetta takmarkar sjóðstreymis- og lausafjáraáættu félagsins umtalsvert næstu árin. Í lánasamningunum eru ákvæði um lágmarks eiginfjárlutfall, hlutfall hagnaðar án afskrifta, vaxta og skatta í hlutfalli við skuldir, auk fleiri skilyrða og takmarkana. Til að takmarka vaxtaáhættu hafa verið gerðir sérstakir vaxtaskiptasamningar vegna lána (sjá skýringu um lán) og vextir festir í 5,99% út lánstímann.

Áhætta félagsins gagnvart innheimtu viðskiptakrafna er metin eðlileg en viðskiptakröfur eru niðurfærðar til að mæta kröfum er kunna að tapast.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við góða reikningsskilavenju. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda og er hún sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt kaupleigusamningi eru færðar til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og eru afskrifaðar á lífúma þeirra. Samsvarandi skuld við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Gjaldmiðlar

Viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en Bandaríkjadöllum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í öðrum gjaldmiðlum en Bandaríkjadöllum eru umreiknaðar miðað við gengi í lok tímabilsins og gengismunur færður yfir rekstrarreikning.

Rekstrarliðir dótturfélaga, sem ekki semja reikningsskil í Bandaríkjadöllum, eru umreiknaðir í Bandaríkjadali á meðalgengi hvers ársfjórðungs en efnahagsliðir aðrir en hlutafé eru umreiknaðir í Bandaríkjadali á gengi í lok tímabilsins. Þýðingarmismunur vegna yfirfærslu reikningsskila dótturfélaga úr uppgjörsmýnt í Bandaríkjadali er færður yfir þýðingarmun meðal eigin fjár. Slíkir þýðingarmunir eru færðir til tekna eða gjalda eftir því sem við á þegar dótturfélög eru seld.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikningi á því tímabili sem hann fellur til. Lántökugjöld sem tengjast fjármögnun á keyptum félögum eru eignfærð og afskrifuð á lánstímanum.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt árshlutareikningi. Tekjuskattur er reiknaður miðað við gildandi skatthlutfall í hverju landi fyrir sig.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og árshlutareikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Tekjuskattskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinneign er færð vegna tímamismuna ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni. Reiknaðar skattinneignir og skattskuldbindingar eru einungis færðar til lækkunar hvor á annarri ef þær tengjast sköttum sem lagðir eru á af sömu skattyfirvöldum.

Bókfært verð reiknaðrar skattinneignar er yfirfarið á reikningsskiladegi og fært niður ef ekki eru lengur taldar líkur á að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni vera nægjanlegur til að nýta eignina að fullu leyti eða að hluta.

Frestaður skattur er reiknaður miðað við þau skatthlutföll sem talið er að muni verða gildandi þegar eignin nýtist eða skuldin verður greidd. Frestaður skattur er færður í rekstrarreikningi nema þegar hann tengist fjárhæðum sem færðar eru beint í gegnum eigið fé, en þá er skatturinn einnig færður meðal eigin fjár.

Við gerð samstæðureikningsskilanna er uppsafnaður hagnaður í birgðum vegna innbyrðis viðskipta bakfærður. Áhrif bakfærslunnar á tekjuskatt eru einnig bakfærð í samstæðureikningsskilunum og færast til hækkunar á reiknaðri skattinneign. Tekjuskatturinn er reiknaður út frá gildandi skatthlutföllum í þeim löndum þar sem vörurnar eiga uppruna sinn.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt þykir að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði.

Kostnaður varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í nothæft ástand.

Fyrningar eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

Aðrar óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis færðar upp í tengslum við kaup á dótturfélögum ef þær eru skilgreinanlegar, ef líklegt þykir að hagrænn ávinningur muni nýtast samstæðunni í framtíðinni og ef hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti.

Meðal óefnislegra eigna eru eignir vegna viðskiptasamninga, vörumerkja, einkaleyfa, framleiðslutækni, viðskiptasambanda og aðrar eignir. Eignir þessar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikningi.

Allur þróunarkostnaður sem féll til á tímabilinu er gjaldfærður í rekstrarreikningi.

Skýringar

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Fjárfestingabréf og markaðsverðbréf eru metin á skráðu markaðsverði á uppgjörsdegi. Ef markaðsverð er ekki þekkt eru bréfin metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni. Verðbreytingar fjárfestingaverðbréfa og markaðsverðbréfa eru færðar meðal fjármunaliða í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi fer samstæðan yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna sinna til þess að komast að raun um hvort vísbendingar séu um að eignir þessar hafi orðið fyrir virðisrýrnun. Komi fram einhver slík vísbending, er endurheimtanlegt verð eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnunin er (sé um slíkt að ræða). Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt verð einstakra eigna, metur samstæðan endurheimtanlegt verð þeirrar sjóðsskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Endurheimtanlegt verð er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirkis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta.

Sé endurheimtanlegt verð eignar metið lægra en bókfært verð, er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlega verðið. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst síðar við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, en þó ekki í hærra verð en það sem hefði verið ef virðisrýrnun hefði aldrei verið færð.

Birgðir

Vörubirgðir eru metnar við kostnaðarverði/framleiðslukostnaðarverði eða dagverði hvort sem lægra reynist, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Framleiðslukostnaður inniheldur hráefni, launakostnað og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar. Dagverð samsvarar áætluðu söluverði að frádregnum kostnaði við sölu og dreifingu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Kaupréttarsamningar og skuldbindingar um hækkun hlutfjár

Samstæðan hefur gert kaupréttarsamninga við stjórnendur, starfsmenn og aðra aðila tengda rekstrinum. Framangreindir samningar fela í sér skuldbindingar um hækkun hlutfjár í framtíðinni.

Þann 1. janúar 2004 tók Össur hf. upp IFRS 2 sem er nýr alþjóðlegur reikningsskilastaðall um kaupréttarsamninga. Í samræmi við staðalinn verður ákvæðum hans beitt á alla kauprétti sem veittir voru eftir 7. nóvember 2002 og voru ónýttir þann 1. janúar 2004. Allir núgildandi kaupréttarsamningar hjá Össuri hf. voru gerðir fyrir 7. nóvember 2002.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skýringar

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðeigandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútsreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

Skuldbindingar vegna endurskipulagningar eru færðar þegar útbúin hefur verið formleg áætlun um endurskipulagninguna og hún hefur verið kynnt þeim aðilum sem málið varðar.

3. Rekstraryfirlit eftir ársfjórðungum

	2. árs- fjórðungur 2006	1. árs- fjórðungur 2006	4. árs- fjórðungur 2005	3. árs- fjórðungur 2005	2. árs- fjórðungur 2005
Sala	65.500	60.034	49.590	44.567	35.422
Kostnaðarverð seldra vara	(26.787)	(24.078)	(20.367)	(19.607)	(13.863)
Framlegð	38.713	35.956	29.223	24.960	21.559
Aðrar rekstrartekjur	69	54	277	1.007	510
Sölu- og markaðskostnaður	(17.323)	(16.009)	(13.521)	(10.587)	(7.002)
Þróunarkostnaður	(4.228)	(4.699)	(4.057)	(3.149)	(2.767)
Skrifstofu- og stjórnunark.	(8.753)	(8.542)	(7.680)	(6.430)	(5.800)
Kostn. vegna endurskipulagn.	0	(3.000)	(304)	(4.115)	0
Rekstrarhagnaður	8.478	3.760	3.938	1.686	6.500
Fjármunat. og (fjármagnsgj.)	(5.987)	(4.921)	(1.737)	(1.861)	(271)
Hagnaður (tap) fyrir skatta	2.491	(1.161)	2.201	(175)	6.229
Tekjuskattur	(372)	1.732	887	987	(1.614)
Hagnaður tímabilsins	2.119	571	3.088	812	4.615
Hagn. fyrir afskr. (EBITDA)	13.144	8.594	7.931	4.610	7.758

Skýringar

4. Sala

Sala samstæðunnar greinist þannig eftir mörkuðum:

	1.1.- 30.6.2006	1.1.- 30.6.2005
Norður Ameríka.....	76.973	34.334
Meginland Evrópu.....	30.017	17.901
Norðurlönd.....	10.481	9.974
Alþjóðamarkaðir.....	8.063	4.363
	<u>125.534</u>	<u>66.572</u>

5. Landfræðileg skipting rekstrareininga

Samstæðan notar landfræðilega skiptingu sem aðal starfsþáttaskiptingu. Við skiptinguna er notast við staðsetningu viðskiptavinar. Landfræðileg skipting samstæðunnar greinist þannig eftir mörkuðum:

2006	Norður Ameríka	Meginland Evrópu	Norðurlönd	Alþjóða- markaðir	Jöfnunar- færslur	Samstæða
	1.1-30.6.2006	1.1-30.6.2006	1.1-30.6.2006	1.1-30.6.2006	1.1-30.6.2006	1.1-30.6.2006
Sala						
Ytri sala.....	76.973	30.017	10.481	8.063	0	125.534
Sala innan samstæðu.....	7.983	563	35.387	0	(43.933)	0
Heildarsala.....	<u>84.956</u>	<u>30.580</u>	<u>45.868</u>	<u>8.063</u>	<u>(43.933)</u>	<u>125.534</u>

Sala innan starfsþátta er verðlögð út frá söluverði á markaði.

Afkoma

Afkoma eftir mörkuðum.....	<u>(935)</u>	<u>2.156</u>	<u>13.913</u>	<u>745</u>	<u>(3.641)</u>	12.238
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....						(10.908)
Tap fyrir skatta.....						1.330
Tekjuskattur.....						1.360
Hagnaður.....						<u>2.690</u>

Aðrar upplýsingar

Viðbætur fastafjármuna.....	2.075	425	1.936	19	0	4.455
Afskriftir.....	7.568	781	1.148	3	0	9.500

Efnahagsreikningur

	30.6.2006	30.6.2006	30.6.2006	30.6.2006	30.6.2006	30.6.2006
Eignir						
Eignir eftir mörkuðum.....	418.571	59.241	421.582	2.907	(455.015)	<u>447.286</u>
Skuldir						
Skuldir eftir mörkuðum.....	317.681	44.122	261.916	2.335	(337.842)	<u>288.212</u>

Skýringar

2005	Norður Ameríka	Meginland Evrópu	Norðurlönd	Alþjóða- markaðir	Jöfnunar- færslur	Samstæða
	1.1-30.6.2005	1.1-30.6.2005	1.1-30.6.2005	1.1-30.6.2005	1.1-30.6.2005	1.1-30.6.2005
Sala						
Ytri sala.....	34.334	17.901	9.974	4.363	0	66.572
Sala innan samstæðu.....	7.799	167	21.275	0	(29.241)	0
Heildarsala.....	42.133	18.068	31.249	4.363	(29.241)	66.572
Afkoma						
Afkoma eftir mörkuðum.....	6.326	1.294	1.536	(321)	2.066	10.901
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....						(682)
Hagnaður fyrir skatta.....						10.219
Tekjuskattur.....						(2.431)
Hagnaður.....						7.788
Aðrar upplýsingar						
Viðbætur fastafjármuna.....	1.450	190	1.763	0	0	3.403
Afskriftir.....	1.196	308	886	0	0	2.390
Efnahagsreikningur						
	31.12.2005	31.12.2005	31.12.2005	31.12.2005	31.12.2005	31.12.2005
Eignir						
Eignir eftir mörkuðum.....	452.510	51.830	383.036	2.931	(482.321)	407.986
Skuldir						
Skuldir eftir mörkuðum.....	308.048	39.035	229.184	1.857	(322.967)	255.157

6. Vöruhegundaskipting rekstrareininga

Núverandi skipting rekstrareininga samstæðunnar er í stoðtæki, stuðningstæki og aðrar vörur. Ekki er unnt að flokka eignir eftir þessum flokkum þar sem mikil samnýting er á eignum samstæðunnar.

Sala samstæðunnar greinist þannig eftir vöruhegundum:

	1.1.- 30.6.2006	1.1.- 30.6.2005
Stoðtæki.....	57.318	51.177
Stuðningstæki.....	67.488	14.772
Annað.....	728	623
	125.534	66.572

7. Kostnaður vegna endurskipulagningar

Í tengslum við kaupun á Innovation Sports, Inc. í Bandaríkjunum hefur verið gjaldfærður í rekstrarreikningi einskiptis samruna- og endurskipulagningarkostnaður að fjárhæð 3 milljónir Bandaríkjadala. Kostnaðurinn er vegna flutninga og endurskipulagningar á framleiðslu, samþættingar fjármáladeilda og uppsagna.

Skýringar

8. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	1.1.-30.6.2006	1.1.-30.6.2005
Fjármunatekjur:		
Vaxtatekjur af bankareikningum.....	34	28
Hagnaður (tap) af skuldabréfum og öðrum langtímakröfum.....	11	(20)
Hagnaður (tap) af fjárfestingaverðbréfum.....	0	(1)
Aðrar vaxtatekjur.....	34	9
	<u>79</u>	<u>16</u>
Fjármagnsgjöld:		
Vaxtagjöld af bankalánum.....	(7.167)	(710)
Vaxtagjöld af fjármögnunarleigusamningum.....	(10)	(9)
Önnur vaxtagjöld.....	(116)	(52)
	<u>(7.293)</u>	<u>(771)</u>
Gengismunur.....	(3.694)	73
	<u>(10.908)</u>	<u>(682)</u>

9. Tekjuskattur

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	1.1.- 30.6.2006	1.1.- 30.6.2005
Tekjuskattur til greiðslu.....	83	801
Frestaður skattur.....	(1.599)	1.973
Gengismunur.....	156	(343)
	<u>(1.360)</u>	<u>2.431</u>

Greining á virku skatthlutfalli:

	1.1.- 30.6.2006		1.1.- 30.6.2005	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður (tap) fyrir skatta.....	<u>1.330</u>		<u>10.219</u>	
Reiknaður tekjuskattur (18%).....	239	18%	1.839	18%
Áhrif mism. skatthlutfalls í öðrum löndum.....	(1.576)	(118%)	506	5%
Ófrádráttarþær kostnaður.....	61	5%	22	0%
Breytt skatthlutfall.....	56	4%	0	0%
Aðrar breytingar.....	(140)	(11%)	64	1%
	<u>(1.360)</u>	<u>(102%)</u>	<u>2.431</u>	<u>24%</u>

10. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hvern hlut útistandandi hlutafjár er reiknaður miðað við eftirfarandi forsendur:

	1.1.-30.6.2006	1.1.-30.6.2005
Hagnaður tímabilsins.....	<u>2.690</u>	<u>7.788</u>
Vegið meðaltal útistandandi hluta á tímabilinu (í þúsundum).....	<u>384.162</u>	<u>314.109</u>
Vegið meðaltal útistandandi hluta að teknu tilliti til kaupréttar (í þúsundum).....	<u>384.778</u>	<u>314.935</u>
Hagnaður á útistandandi hlut (US cent)	0,70	2,48
Hagnaður á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttar (US cent)	0,70	2,47
	<u>1.4.-30.6.2006</u>	<u>1.4.-30.6.2005</u>
Hagnaður ársfjórðungsins.....	<u>2.119</u>	<u>4.615</u>
Vegið meðaltal útistandandi hluta síðustu 3 mánuði (í þúsundum).....	<u>384.222</u>	<u>314.174</u>
Vegið meðaltal útistandandi hluta að teknu tilliti til kaupréttar (í þúsundum).....	<u>384.834</u>	<u>314.961</u>
Hagnaður á útistandandi hlut (US cent)	0,55	1,47
Hagnaður á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttar (US cent)	0,55	1,47

Skýringar

11. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir og lóðir	Vélar og bifreiðar	Innréttingar og skrifstofub.	Samtals
Kostnaðarverð				
1. janúar 2006.....	3.161	21.625	13.882	38.668
Viðbætur.....	0	885	3.480	4.365
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélögum.....	0	608	292	900
Gengismunur.....	0	381	134	515
Fært út vegna sölu.....	0	(100)	(360)	(460)
Full afskrifaðar eignir.....	0	(838)	(804)	(1.642)
30. júní 2006.....	3.161	22.561	16.624	42.346
Afskriftir				
1. janúar 2006.....	610	9.769	6.159	16.538
Gjaldfært á tímabilinu.....	48	1.458	1.433	2.939
Gengismunur.....	0	254	67	321
Fært út vegna sölu.....	0	(45)	(276)	(321)
Full afskrifaðar eignir.....	0	(838)	(804)	(1.642)
30. júní 2006.....	658	10.598	6.579	17.835
Bókfært verð				
30. júní 2006.....	2.503	11.963	10.045	24.511
31. desember 2005.....	2.551	11.856	7.723	22.130

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna skiptast þannig á rekstrarliði:

	1.1.- 30.6.2006	1.1.- 30.6.2005
Kostnaðarverð seldra vara.....	1.572	932
Sölu- og markaðskostnaður.....	84	115
Þróunarkostnaður.....	119	169
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	1.164	585
	2.939	1.801

12. Viðskiptavild

	30.6.2006
Kostnaðarverð	
1. janúar 2006.....	232.134
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélögum.....	27.663
Gengismunur.....	1.865
30. júní 2006.....	261.662
Bókfært verð	
30. júní 2006.....	261.662
31. desember 2005.....	232.134

Skýringar

Viðskiptavild er prófuð með tilliti til virðisýrnunar árlega, eða oftár ef vísbending um virðisýrnun er til staðar.

Endurheimtanlegt verð sjóðsskapandi einingar er metið út frá nýtingarvirði. Helstu forsendur við mat á nýtingarvirði eru ávöxtunarkrafa, áætlanir um vöxt og breytingar á söluverðum og beinum kostnaði á tímabilinu. Stjórnendur meta ávöxtunarkröfu út frá því sem viðeigandi er við fjármögnun viðkomandi eignar og er miðað við ávöxtun fyrir skatta. Áætlanir um vöxt miðast við spá um vöxt atvinnugreinarinnar. Breytingar á söluverðum og beinum kostnaði eru metnar út frá reynslu fyrri ára og væntingum um breytingar á markaði í framtíðinni.

Útbúnar eru sjóðstreymisáætlanir sem byggðar eru á raunverulegum rekstrarniðurstöðum og fimm ára áætlunum sem samþykktar eru af stjórnendum. Sjóðstreymi fyrir síðari tímabil eru framreiknuð miðað við 2-4 prósentu vöxt í framtíðinni. Þessi vöxtur er ekki umfram vöxt markaðarins til lengri tíma. Ávöxtunarkrafa fyrir skatta sem notuð er við núvirðingu sjóðstreymisáætlana er 9-11 prósent.

13. Aðrar óefnislegar eignir

	Einkaleyfi	Vörumerki	Aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð				
1. janúar 2006.....	13.052	10.518	30.452	54.022
Viðbætur.....	76	14	0	90
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélögum.....	1.400	1.700	5.401	8.501
Gengismunur.....	149	162	151	462
30. júní 2006.....	14.677	12.394	36.004	63.075
Afskriftir				
1. janúar 2006.....	2.460	552	4.316	7.328
Gjaldfært á tímabilinu.....	1.137	1.193	4.231	6.561
Gengismunur.....	54	9	57	120
30. júní 2006.....	3.651	1.754	8.604	14.009
Bókfært verð				
30. júní 2006.....	11.026	10.640	27.400	49.066
31. desember 2005.....	10.592	9.966	26.136	46.694

Afskriftir annarra óefnislegra eigna skiptast þannig á rekstrarliði:

	1.1.- 30.6.2006	1.1.- 30.6.2005
Kostnaðarverð seldra vara.....	123	107
Sölu- og markaðskostnaður.....	3.566	260
Þróunarkostnaður.....	2.158	15
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	714	207
	6.561	589

14. Samstæðan

Samstæðureikningsskil Össurar hf. taka til þessara dótturfélaga:

Nafn dótturfélags	Staðsetning	Eignarhluti	Starfsemi
Össur Holding, AB.....	Svíþjóð	100%	Eignarhaldsfélag
Össur Nordic, AB.....	Svíþjóð	100%	Sala, dreifing og þjónusta
GBM Medical AB.....	Svíþjóð	100%	Engin starfsemi
Össur Nordic, AS.....	Noregur	100%	Sala, dreifing og þjónusta
Empower H. C. Solution, AB.....	Svíþjóð	100%	Ráðgjöf tengd heilbrigðisþjónustu
Ossur Holdings, Inc.....	USA	100%	Eignarhaldsfélag
Ossur Engineering, Inc.....	USA	100%	Framleiðsla
Ossur North America, Inc.....	USA	100%	Sala, dreifing og þjónusta
Generation II USA, Inc.....	USA	100%	Framleiðsla
Royce Medical Holdings, Inc.....	USA	100%	Eignarhaldsfélag
Royce Medical Company.....	USA	100%	Framleiðsla, sala, dreifing og þjónusta
Rigid Med. Techn., Inc.....	USA	100%	Þjónusta
Philad. Cervical Collar Co.....	USA	100%	Framleiðsla, sala, dreifing og þjónusta
The Jerome Group Inc.....	USA	100%	Framleiðsla, sala, dreifing og þjónusta
GHT, Inc.....	USA	100%	Engin starfsemi
Vistek, Inc.....	USA	100%	Engin starfsemi
Innovation Sports, Inc.....	USA	100%	Framleiðsla, sala, dreifing og þjónusta
Ortho Vantage, Inc.....	USA	100%	Þjónusta
Generation II Orthotics, Inc.,.....	Kanada	100%	Framleiðsla, sala, dreifing og þjónusta
GII Orth. Europe, Holding SA.....	Belgía	100%	Engin starfsemi
Ossur Europe, BV.....	Holland	100%	Sala, dreifing og þjónusta
Ossur UK, Holdings, Ltd.....	Bretland	100%	Eignarhaldsfélag
IMP Holdings, Ltd.....	Bretland	100%	Eignarhaldsfélag
Medistox, Ltd.....	Bretland	100%	Sala, dreifing og þjónusta
TIM Holdings, Ltd.....	Bretland	100%	Eignarhaldsfélag
TIM Ltd.....	Bretland	100%	Dreifing, þjónusta
IMP Ltd.....	Bretland	100%	Þróun, framleiðsla
Ortex Ltd.....	Bretland	100%	Framleiðsla
Ossur Asia Pacific PTY Ltd.....	Ástralía	100%	Sala, dreifing og þjónusta

Össur hf. rekur fjármálaútibú í Sviss sem hefur umsjón með lánveitingum innan samstæðunnar.

Þann 18. janúar 2006 keypti Ossur Holdings, Inc. allt hlutfé í bandaríska stuðningstækjafyrirtækinu Innovation Sports Inc. Félagið sérhæfir sig í hönnun og framleiðslu á liðbandaspelkum.

Þann 1. febrúar 2006 keypti Royce Medical Holdings, Inc. allt hlutfé í bandaríska félaginu Rigid Medical Technologies Inc. í USA. Félagið sérhæfir sig í þjónustu og ráðgjöf varðandi endurgreiðslur frá bandarískum tryggingafélögum og heilbrigðisyfirvöldum.

Skýringar

15. Skuldabréf og aðrar langtímakröfur

	Skuldabréf og langtímakröfur
1. janúar 2005.....	824
Fjárfestingar tímabilsins.....	174
Innborganir tímabilsins.....	(184)
Gengismunur.....	(34)
1. janúar 2006.....	780
Fjárfestingar tímabilsins.....	227
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélagi.....	334
Innborganir tímabilsins.....	(91)
Gengismunur.....	(21)
30. júní 2006.....	1.229

Ofangreindar fjárfestingar eru fjárfestingar í skuldabréfum og öðrum langtímakröfum sem gefur samstæðunni tækifæri til að hagnast á vaxtatekjum og verðbreytingum. Fjárfestingarnar eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til taps vegna virðisrýrnunar.

16. Fjárfestingaverðbréf

	Fjárfestinga- verðbréf
1. janúar 2005.....	411
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélagi.....	306
Selt á tímabilinu.....	(145)
Verðbreytingar og gengismunur.....	21
1. janúar 2006.....	593
Selt á tímabilinu.....	(11)
Verðbreytingar og gengismunur.....	23
30. júní 2006.....	605

Ofangreindar fjárfestingar eru fjárfestingar í skráðum verðbréfum og öðrum langtímakröfum sem gefur samstæðunni tækifæri til að hagnast á vaxtatekjum og verðbreytingum. Fjárfestingarnar eru metnar á skráðu markaðsverði.

17. Vörubirgðir

	30.6.2006	31.12.2005
Hráefni.....	11.354	10.063
Vörur í vinnslu.....	2.463	1.892
Fullunnar vörur.....	16.199	13.574
	30.016	25.529

Við gerð samstæðureikningsskilanna var uppsafnaður hagnaður í birgðum vegna innbyrðis viðskipta samstæðunnar bakfærður að fjárhæð 12.980 þúsund Bandaríkjadöllum. Áhrif bakfærslunnar á tekjuskatt nemur 2.654 þúsund Bandaríkjadöllum sem eru einnig bakfærðir í samstæðureikningsskilunum.

Samstæðan hefur veðsett hluta af vörubirgðum til ábyrgðar á hluta af langtímalánum.

Skýringar

18. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur:

	30.6.2006	31.12.2005
Nafnverð viðskiptakrafna.....	36.345	29.978
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast.....	(869)	(963)
Niðurfærsla vegna hugsanlegra vöruskila.....	(736)	(701)
	<u>34.740</u>	<u>28.314</u>

Veittur gjaldfrestur samstæðunnar er að meðaltali 41 dagur. Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast og vegna vöruskila. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

Það er mat stjórnenda að bókfært verð viðskiptakrafna samsvari gangverði þeirra.

Aðrar skammtímakröfur:

	30.6.2006	31.12.2005
Virðisaukaskattur.....	980	2.556
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	7.636	4.031
Aðrar kröfur.....	2.440	769
	<u>11.056</u>	<u>7.356</u>

Það er mat stjórnenda að bókfært verð annarra skammtímakrafna samsvari gangverði þeirra.

Handbært fé:

Handbært fé samanstendur af sjóði og bankainnistæðum sem fjármálasvið samstæðunnar hefur umsjón með. Það er mat stjórnenda að bókfært verð handbærs fjár samsvari gangverði þess.

19. Hlutfé

Hlutfé greinist þannig í milljónum hluta og þúsundum Bandaríkjadala:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Hlutfé í lok tímabilsins.....	384,2	99,8%	4.163
Eigin hlutir í lok tímabilsins.....	0,7	0,2%	7
	<u>384,9</u>	<u>100%</u>	<u>4.170</u>

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 384.940.447 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna.

Breytingar á hlutfé greinast þannig:

	Hlutfé
1. janúar 2005.....	3.042
Seldir eigin hlutir vegna kaupréttarsamninga.....	33
Innborgað hlutfé.....	1.085
1. janúar 2006.....	4.160
Seldir eigin hlutir vegna kaupréttarsamninga.....	3
30. júní 2006.....	<u>4.163</u>

Skýringar

20. Varasjóðir

	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Samtals
1. janúar 2005.....	16.951	796	17.747
Seldir eigin hlutir vegna kaupréttarsamninga.....	3.896	0	3.896
Innborgað hlutafé.....	82.272	0	82.272
Flutt frá óráðstöfuðu eigin fé.....	0	247	247
1. janúar 2006.....	103.119	1.043	104.162
Seldir eigin hlutir vegna kaupréttarsamninga.....	215	0	215
30. júní 2006.....	103.334	1.043	104.377

21. Þýðingarmunur

	Þýðingar- munur
1. janúar 2005.....	4.636
Þýðingarmunur á dótturfélögum.....	(865)
1. janúar 2006.....	3.771
Þýðingarmunur á dótturfélögum.....	3.337
30. júní 2006.....	7.108

22. Óráðstafað eigið fé

	Óráðstafað eigið fé
1. janúar 2005.....	29.295
Tillag í lögbundinn varasjóð.....	(247)
Hagnaður ársins.....	11.688
1. janúar 2006.....	40.736
Hagnaður tímabilsins.....	2.690
30. júní 2006.....	43.426

23. Kaupréttarsamningar og skuldbindingar um hækkun hlutafjár

Eftirfarandi er yfirlit um kaupréttarsamninga og skuldbindingar um hækkun hlutafjár miðað við að öll skilyrði verði að fullu uppfyllt:

Samningsgengi (ISK) / Skilyrði / Samningsdagur	Hlutir í þúsundum	
	2006	Samtals
46,0 / Skilyrt / Júní 2001.....	1.000	1.000
73,7 / Skilyrt / Júlí 2000.....	100	100
	1.100	1.100

Allir kaupréttarsamningar falla niður ef starfsmenn hætta hjá félaginu áður en samningarnir verða nýtanlegir.

Skýringar

	1/1 - 30/6 2006		1/1 - 31/12 2005	
	Fjöldi hluta (í þúsundum)	Vegið meðaltal samningsverðs (ISK)	Fjöldi hluta (í þúsundum)	Vegið meðaltal samningsverðs (ISK)
Eftirstöðvar í upphafi ársins.....	1.340	50,31	4.803	66,05
Nýttir á árinu.....	(240)	58,50	(3.463)	72,15
Eftirstöðvar í lok tímabilsins.....	1.100	48,52	1.340	50,31
Nýtanlegir í lok tímabilsins.....	100	73,70	340	62,97

Þann 30. júní 2006 voru útgefnir hlutir í Össuri hf. alls 384.940.447.

24. Skuldir við lánastofnanir

	Eftirstöðvar	
	30.6.2006	31.12.2005
Skuldir í USD.....	150.640	136.989
Skuldir í EUR.....	68.148	57.548
	218.788	194.537
Næsta árs afborganir.....	(17.081)	(9.390)
Skuldir við lánastofnanir.....	201.707	185.147

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 1.7.2006 - 30.6.2007 / 2006.....	17.081	9.390
Afborganir 1.7.2007 - 30.6.2008 / 2007.....	14.472	14.256
Afborganir 1.7.2008 - 30.6.2009 / 2008.....	17.048	14.295
Afborganir 1.7.2009 - 30.6.2010 / 2009.....	19.635	19.282
Afborganir 1.7.2010 - 30.6.2011 / 2010.....	9.842	19.344
Afborganir síðar	140.710	117.970
	218.788	194.537

Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:

	30.6.2006	31.12.2005
Skuldir við lánastofnanir.....	5,99%	5,99%

Í tengslum við kaupin á Innovation Sports, Inc., var 200 milljón Bandaríkjadala lán félagsins hækkað um 40 milljónir Bandaríkjadali sem eru á gjalddaga árin 2011 og 2012. Þar af eru 20 milljónir Bandaríkjadala ódregnar. 70% af láninu er í Bandaríkjadöllum og 30% í Evrum.

Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður yfir líftíma lána.

Í lánaskilmálum eru ákvæði sem takmarka ákveðnar aðgerðir án samráðs við lánveitanda. Auk þess eru skilmálar um ýmis fjárhagsleg skilyrði sem félagið þarf að uppfylla. Félagið hefur veðsett hluta af fasteignum, vélum, búnaði og birgðum til tryggingar á lánaþyrirgreiðslu.

Samstæðan notar vaxtaskiptasamninga til að jafna sveiflur í vöxtum á langtímalánum. Gerðir hafa verið samningar um 140 milljónir Bandaríkjadala og 48,6 milljónir Evra sem bera 5,99% fasta vegna meðalvexti með álagi í stað breytilegra vaxta og eru samningarnir út lánstímann eða lengst til 2012.

Á tímabilinu voru færðir til gjalda 243 þúsund Bandaríkjadali í gegnum rekstrarreikning vegna samninganna.

Skýringar

25. Fjármögnunarleigusamningar

	Leigugreiðslur		Eftirstöðvar án vaxta	
	30.6.2006	31.12.2005	30.6.2006	31.12.2005
Skuldir í USD.....	147	37	142	37
Skuldir í EUR.....	116	190	114	184
	263	227	256	221
Næsta árs afborganir.....	(155)	(193)	(153)	(189)
Fjármögnunarleigusamningar.....	108	34	103	32

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	Leigugreiðslur		Eftirstöðvar án vaxta	
	30.6.2006	31.12.2005	30.6.2006	31.12.2005
Afborganir 1.7.2006 - 30.6.2007 / 2006.....	155	193	153	189
Afborganir 1.7.2007 - 30.6.2008 / 2007.....	26	34	25	32
Afborganir 1.7.2008 - 30.6.2009 / 2008.....	30	0	28	0
Afborganir 1.7.2009 - 30.6.2010 / 2009.....	31	0	30	0
Afborganir 1.7.2010 - 30.6.2011 / 2010.....	21	0	20	0
	263	227	256	221
Framtíðar vaxtagjöld.....	(7)	(6)		
Eftirstöðvar án vaxta.....	256	221		

Að mati stjórnenda jafngildir gangverð fjármögnunarleigusamninga bókfærðu verði þeirra.

Fjármögnunarleigusamningar samstæðunnar eru tryggðir með veði í undirliggjandi eignum.

26. Aðrar langtímaskuldir

	Eftirstöðvar	
	30.6.2006	31.12.2005
Skuldir í USD.....	634	639
Skuldir í EUR.....	0	118
Skuldir í SEK.....	1.031	944
Skuldir í GBP.....	1.525	2.060
Skuldir í AUD.....	65	58
	3.255	3.819
Næsta árs afborganir.....	(1.576)	(1.469)
Aðrar langtímaskuldir.....	1.679	2.350
Afborganir af öðrum langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:		
Afborganir 1.7.2006 - 30.6.2007 / 2006.....	1.576	1.469
Afborganir 1.7.2007 - 30.6.2008 / 2007.....	1.276	1.201
Afborganir 1.7.2008 - 30.6.2009 / 2008.....	179	749
Afborganir 1.7.2009 - 30.6.2010 / 2009.....	0	104
Afborganir síðar	224	296
	3.255	3.819

Skýringar

27. Frestaður skattur

	Reiknuð skattinneign	Tekjuskatts- skuldbindingar	Samtals
1. janúar 2006.....	23.542	(27.832)	(4.290)
Reiknaður tekjuskattur tímabilsins.....	2.139	(779)	1.360
Skattur til greiðslu vegna tímabilsins.....	0	83	83
Gengismunur.....	262	(106)	156
30. júní 2006.....	25.943	(28.634)	(2.691)

28. Næsta árs afborganir langtímaskulda

	30.6.2006	31.12.2005
Skuldir við lánastofnanir.....	17.081	9.390
Fjármögnunarleigusamningar.....	153	189
Aðrar langtímaskuldir.....	1.576	1.469
	18.810	11.048

29. Skuldbindingar

	Vöru- ábyrgðir	Endur- skipulagning	Samtals
1. janúar 2006.....	1.396	4.083	5.479
Viðbót á tímabilinu.....	943	3.000	3.943
Gengismunur.....	0	(2)	(2)
Notað á tímabilinu.....	(155)	(1.889)	(2.044)
30. júní 2006.....	2.184	5.192	7.376

Skuldbinding vegna vöruábyrgða á stöðvörum og stuðningsvörum er metin af stjórnendum m.v. reynslu fyrri ára og meðaltal iðnaðarins á gölluðum vörum.

30. Kaup á Innovation Sports, Inc.

Þann 18. janúar 2006 keypti Ossur North America, Inc. 100% eignarhlut í Innovation Sports, Inc. Kaupverðið nam 39,1 milljónum Bandaríkjadala. Notuð var kaupaðferð við færslu á kaupunum.

	USD
	Kaupdagur 18.01.2006
Eignir afhentar:	
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	882
Óefnislegar eignir.....	8.500
Fjárfestingaverðbréf.....	334
Birgðir.....	1.094
Aðrir veltufjármunir.....	3.597
Handbært fé.....	203
Langtímaskuldir.....	(400)
Skammtímaskuldir.....	(2.093)
	<u>12.117</u>
Viðskiptavild.....	<u>26.983</u>
Samtals.....	<u>39.100</u>
Greitt með handbæru fé	<u>39.100</u>
	<u>39.100</u>
Útstreymi handbærs fjár vegna kaupa:	
Kaupverð greitt með handbæru fé.....	39.100
Handbært fé frá seldu félagi.....	(203)
	<u>38.897</u>

Gangverð óefnislegra eigna var metið með aðstoð ráðgjafa frá fyrirtækinu Strategic Equity Group. Meðal óefnislegra eigna eru einkaleyfi, vörumerki, viðskiptasambönd og aðrar eignir.

Samkvæmt kaupsamningi inniheldur kaupverðið leiðréttingu vegna yfirtekens veltufjár sem getur breyst eftir yfirferð seljanda á upphafsefnahagsreikningi.

Innovation Sports skilaði tekjum að fjárhæð 8.636 þúsundum Bandaríkjadala frá kaupdegi til uppgjörsdags.

Skýringar

31. Kaup á Rigid Medical Technologies, Inc.

Þann 1. febrúar 2006 keypti Royce Medical Holdings, Inc. 100% eignarhlut í Rigid Medical Technologies, Inc. Kaupverð nam 788 þúsund Bandaríkjadöllum. Notuð var kaupaðferð við færslu á kaupunum.

	USD Kaupdagur 01.02.2006
Eignir afhentar:	
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	18
Óefnislegar eignir.....	1
Birgðir.....	39
Veltufjármunir.....	123
Skammtímaskuldir.....	(73)
	108
 Viðskiptavild.....	680
Samtals.....	788
 Greitt með handbæru fé	788
	788
Útstreymi handbærs fjár vegna kaupa:	
Kaupverð greitt með handbæru fé.....	788
Til greiðslu síðar.....	(100)
	688

Frá kaupdegi til uppgjörsdags námu tekjur Rigid Medical Technologies, Inc að fjárhæð 362 þúsundum Bandaríkjadala.

32. Samþykki ársreiknings

Samstæðuárshlutareikningurinn var samþykktur af forstjóra og stjórn félagsins og leyfður til birtingar þann 31. júlí 2006.